



*Alþingi*

*Erindi nr. Þ*

1201740

*komudagur*

26/1

1996

Reykjavík, 24. janúar 1996

V/SUÐURGÖTU  
101 REYKJAVÍK  
SÍMI: 354 525 4400  
FAX: 354 525 4410

Alþingi  
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur skjalavardar  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Það tilkynnist hér með að deildarráð heimspékideildar samþykkti á fundi sínum 12. janúar sl. meðfylgjandi umsögn um Frumvarp til laga um mannanöfn, 73. mál, heildarlög, sem dr. Álfrúnu Gunnlaugsdóttur prófessor, varaforseta deildarinnar, og dr. Gísli Gunnarssyni dósent, formanni sagnfræðiskorar, hafði verið falið að semja.

F.h. heimspékideildar,

María Jóhannsdóttir,  
skrifstofustjóri.

## FRUMVARP TIL LAGA UM MANNANÖFN

Athugasemdir frá deildarráði heimspekideildar Háskóla Íslands.

Helstu nýmæli þessa frumvarps eru tvö: Dregið er stórlega úr þeim hömlum sem eru í núgildandi lögum um val á eiginnöfnum og heimild er veitt til að taka upp sérstök millinöfn.

Þessi nýmæli miða bæði að því að skapa betra samræmi en núverandi mannanafnalög leyfa milli almennt viðurkenndra siða við nafngjöf hér á landi annars vegar, og lagasetningar um það efni hins vegar. Erfitt er fyrir opinbera aðila að setja lög um nafngjöf sem ganga þvert á ríkjandi venjur og ætlast síðan til þess að þau séu virt og verði jafnvel vinsæl. Við setningu núgildandi laga um mannanöfn (nr. 37/1991) virðist meiningin hafa verið að skapa nýjar nafnvenjur hér á landi og afnema ýmsa "ósiði" við nafngjöf sem tíðkast höfðu á tíma nokkurra kynslóða þar á undan. En erfitt er að útrýma "ósið" sem orðinn er fjölskylduhefð hjá stórum hluta þjóðarinnar enda eru klógumálin vegna laganna frá 1991 orðin mörg eins og nefnd sú sem nýja lagafrumvarpið samdi rekur ágætlega í greinargerð sinni.

Nefnd þessi þurfti því að gæta tveggja megin sjónarmiða.

1. Að gæta þess að íslensk mannanöfn geti í framtíðinni lögum samkvæmt verið í sem bestu samræmi við íslenska málhefð og fornar nafnvenjur.

2. Að koma til móts við íslenska siði við nafngjöf á síðasta áratug 20. aldarinnar.

Þessi tvö sjónarmið rekast auðveldlega á og því hlýtur starf nefndarinnar að hafa verið erfitt. Niðurstaðan, fyrirbyggjandi lagafrumvarp, er málamiðlun sem er að áliti heimspekideildar **ásættanleg** hvað varðar einstakar greinar en deildin leyfir sér hins vegar að gera athugasemdir við nokkur meginatriði í frumvarpinu.

Heimspekideild lýsir yfir stuðningi sínum við annað nýmælið, að draga úr hömlum við val á eiginnöfnum, sbr. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, svo og 1. mgr. 2. gr. núgildandi laga um mannanöfn. (Þ.e. að í stað núgildandi lagaákvæðis að "Eiginnafn skal vera íslenskt" komi "Eiginnafn skal geta tekið íslenska eignarfallsendingu".) Þessi breyting er prýðilega rökstudd í greinargerð nefndarinnar og hefur deildin þar engu við að bæta.

Heimspekideild er einnig sammála þeirri tillögu nefndarinnar að heimilt verði að taka upp millinöfn (sbr. 6. gr. frumvarpsins.) Stuðning deildarinnar við þessa lagabreytingu ber m.a. að skoða í ljósi 7. gr. frumvarpsins sem heimilar einstaklingum að breyta ættarnöfnum í millinöfn.

Að baki þessari breytingartillögu virðist m.a. búa sú hugmynd að smám saman muni ættarnöfn breytast í millinöfn. Ekki er ólíklegt að hér sé um of mikla bjartsýni að ræða. Réttara væri því að stiga skrefið til fulls og stefna að því að við nafngjöf í framtíðinni breytist ættarnöfn úr kenninöfnum í millinöfn. Slík breyting er í samræmi við þær almennar jafnræðisreglur sem eiga að gilda í íslenskri löggjöf.

Staðreyndin er sú að varla verður lengur við það unað að sumir landsmenn fái að bera ættarnöfn, og njóti auk þess nafnverndar, meðan öðrum er ætlað að halda uppi íslenskri kenninafnahefð. Þess vegna væri æskilegt að eyða þeim lagalega tvískinnungi sem gildir og hefur gilt um ættarnöfn. Í þessu máli, eins og öðrum, ættu allir landsmenn að fá að sitja við sama borð í nafni jafnræðis.

Sé mönnum full alvara með að halda á lofti íslensku kenninafnahefðinni, -son og -dóttir, ætti að breyta öllum ættarnöfnum í millinöfn. Slíkt yrði þó ekki gert með einu pennastriki. Hugsanlegt væri að framkvæma það með þeim hætti að öll börn sem eiga rétt á ættarnafni og fæðast eftir gildistöku þessara laga, verði látin breyta ættarnafninu í millinöfn, sé þess ekki óskað að ættarnafnið falli niður.

Ef þessu kostur er ekki valinn, verður að koma í veg fyrir ríkjandi misrétti og leyfa öllum sem þess óska að taka sér ættarnafn.

Aðrar athugasemdir deildarráðs heimspekideildar eru þessar:

- 1) Í 22. gr., á bls. 5, segir: Úrskurðum mannanafnanefndar er ekki unnt að skjóta til æðri stjórnvalds.

Það hlýtur að teljast hæpið að nefnd, þótt skipuð sé af dómsmálaráðherra, sem á að framfylgja lögum, skuli fá í hendur algjört úrskurðarvald. Eðlilega væri einmitt að gera fólki kleift að skjóta úrskurðum nefndarinnar til æðra stjórnvalds. Það yrði sannarlega réttarbót.

- 2) Hvergi kemur fram í VIII. kafla um mannanafnanefnd, að hún eigi að vera einhvers staðar til húsa. Þetta á með öðrum orðum að vera ósýnileg nefnd, sem tekur á móti bréfum og kannski tölvupósti. Full ástæða er til að fá nefndinni til afnota einhver húsakynni, þar sem fólk gæti fengið aðgang að einhverjum nefndarmanna ákveðnar stundir í mánuði hverjum.

Fyrir hönd deildarráðs heimspekideildar,

  
Alfrún Gunnlaugsdóttir

  
Gísli Gunnarsson